

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir sorphreinsun í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1995 skal vera kr. 6.300 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

*Umhverfissráðuneytið, 27. mars 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 282/1994 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. breytingu nr. 148/1995.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 24. mars 1995.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*